

146  
30. okt.

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hrísey.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Hríseyjarhöfn takmarkast að vestan af línu, er hugsast dregin frá Saltnesi í réttvisandi suður fram í mitt sund milli eyjar og lands og að austan af línu, er hugsast dregin frá svonefndu Eyjarhorni í réttvisandi suður, einnig fram í mitt eyjarsund. Að sunnan takmarkast höfnin af beinni línu, er hugsast dregin milli suðurendapunkta, austur og vestur takmarkalínu hafnarinnar.

### II. KAFLI

#### Stjórn hafnarinnar.

#### 2. gr.

Stjórn hafnarmálefna er í höndum hreppsnefndar Hríseyjarhrepps undir yfirmumsjón stjórnarráðs Íslands.

#### 3. gr.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og annast fjárhag hennar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Hafnarnefnd skal skipuð 3 mönnum. Kýs hreppsnefnd Hríseyjarhrepps þá alla, og skal einn þeirra vera hreppsnefndarmaður. Nefndin kýs sér sjálf formann. Hafnarnefnd er kosin til 3 ára í senn, og gengur einn maður úr nefndinni á ári, fyrstu tvö árin, eftir hlutkesti.

#### 4. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í sjóð hafnarinnar. Sjóðurinn heitir Hafnarsjóður Hríseyjarhrepps. Sjóði þessum má eingöngu verja í þágu hafnarinnar, svo sem til byggingar og viðhalds hafnarmannvirkja, til kaupa á landi í þarfir hennar, til greiðslu á kostnaði við stjórn hafnarinnar og rekstur og til greiðslu lána, sem tekin kunna að verða til hafnarframkvæmda. Í nóvembermánuði ár hvert ber hafnarnefnd að semja fjárhagsáætlun hafnarinnar fyrir næsta ár. Fjárhagsáætlunin skal lögð fyrir hreppsnefnd til samþykktar fyrir nóvembermánaðarlok. Hreppsnefndin skal hafa lokið afgreiðslu fjárhagsáætlunar að fullu fyrir 15. des. ár hvert.

Óheimilt er að nota fé hafnarsjóðsins til annars en þarfa hafnarinnar. Aldrei má verja því í þágu hreppsins eða annarra fyrirtækja hans, eða binda það í lánnum til þessara aðila.

#### 5. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið. Að loknu hverju reikningsári skal semja reikning hafnarsjóðs, svo tímanlega, að hann verði lagður endurskoðaður fyrir miðsveitarfund hreppsstjórnarinnar til samþykktar. Reikningurinn skal endurskoðaður af endurskoðendum hreppsreikninga.

#### 6. gr.

Hreppsnefnd ræður hafnarvörð eftir tillögum hafnarnefndar, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf. Hafnarvörður hefur umsjón með höfninni og eignum hennar, innheimtir hafnartekjur og er gjaldkeri hafnarinnar. Í starfi sínu er hann háður eftirliti hafnarnefndar.

## III. KAFLI

146

## Um almenna reglu.

30. okt.

## 7. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé reglu á höfninni, landi hennar, bryggjum og öðrum mannvirkjum. Er öllum skylt að hlýða boði hans og hanni og þeirra starfsmanna annarra, sem hafnarnefnd setur til að gæta reglu.

Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært starfsmanninn fyrir hafnarnefnd, en skipuninni ber að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

## 8. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á bryggjum, landi eða mannvirkjum hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, er þar eru unnin.

## 9. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er getur valdið skemmdum í höfninni, frá skipum, er þar eru, né flytja slíkt úr landi út í höfnina. Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka frá landi, nema með samþykki yfirstjórnar hafnarinnar, að fengnu áliti hafnarnefndar. Eigendum mannvirkja, er þannig kann að verða leyft að gera, er skylt að halda þeim þannig við, að engin hætta geti stafað af þeim. Nú vanrækir eigandi mannvirkis viðhald þess svo að eigi er viðunandi að áliti hafnarnefndar, og er nefndinni þá heimilt að láta gera við mannvirkið á kostnað eiganda, og er eigandi jafnan ábyrgur fyrir öllum skaða á skipum og mannvirkjum annarra, er stafar frá mannvirki hans.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, áhöld, sem þeim skulu fylgja, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. fl., svo og umgengni og þrifnað, fer eftir reglum, sem hafnarnefnd setur. Reglurnar skulu gilda jafnt fyrir allar bryggjur og mannvirki innan hafnarinnar.

## IV. KAFLI

## Um legu skipa og umferð á höfninni.

## 10. gr.

Skip, sem hvorki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi afgreiðslu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur að komast að eða frá. Skipum eða bátum má ekki leggjast svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina. Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt eða strengi á höfninni og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

## 11. gr.

Ekki má festa skip eða bát við bryggja, nema við festarhringa eða festarstólpa, og skal festum þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð um bryggjuna. Skylt er að hafa tryggar hlifar milli skips og bryggju, ef krafizt er. Bannað er að láta vélar skipa eða báta ganga af svo miklu afli, að skipum eða hafnarmannvirkjum sé hætta búin af.

## 12. gr.

Verði skemmdir á mannvirkjum eða áhöldum hafnarinnar af völdum skipa þeirra, er höfnina nota, skulu skemmdirnar jafnan að fullu bættar af eigendum og útgerðarmönnum skips þess, er skaðann vann, enda sé skipshöfn völd að skaðanum af ásettu ráði eða vangá.

146  
30. okt.

## V. KAFLI

### Um notkun hafnarbryggjunnar.

#### 13. gr.

Meðan hafnarnefnd ákveður ekki annað, er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, er þau koma; þó skulu skip, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst hafa rétt til að fá afgreiðslu við bryggju, þótt önnur skip séu þar fyrir og verða þau að víkja, meðan hin eru afgreidd. Sé fermingu og affermingu skips eigi haldið áfram með nægilegum hraða að áliti hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, er hann krefst þess.

#### 14. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri láta ræsta bryggjuna, ef þörf gerist; sé það vanrækt, skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipstjóra eða afgreiðslunnar.

## VI. KAFLI

### Um lestagjald.

#### 15. gr.

Öll skip, seglskip og vélskip, sem mæld eru til lestatala, enn fremur uppskipunarprammar, hvort sem þau eru tóm, eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, er þau leggjast við bryggju eða festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, er síðar getur. Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestagjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum tölum, brotum skal sleppa.

a. Skip og bátar, sem eru eign búsettra manna í Hrísey, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, þannig:

Fyrir báta allt að 2 smálestum brúttó .....	kr. 25.00
— — 2—4 smálestir brúttó .....	— 50.00
— — 4—10 smálestir brúttó .....	— 100.00
— — 10 smálestir og stærri .....	— 150.00

b. Innland fiskiskip greiði 20 auru fyrir hverja brúttósmálest í hvert skipti, er þau koma til hafnar, þó ekki meira á ári en kr. 1.20 fyrir hverja brúttósmálest.

c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna og skip, sem leita hafna vegna sjóskemmda, skulu greiða 20 auru lestagjald fyrir hverja brúttósmálest. Þó er hafnarnefnd heimilt að lækka þetta gjald eða fella burtu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

## VII. KAFLI

### Um ljósagjald.

#### 16. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu 1. ágúst til 14. maí og lestagjald greiða, skulu greiða ljósagjald þannig:

a. Skip þau, sem talin eru í 15. gr. a. skulu greiða kr. 5.00 á ári.

b. Skip, sem talin eru í 15. gr. b. skulu greiða kr. 3.00 í hvert skipti, sem þau koma til hafnar á gjaldtímabilinu.

c. Önnur skip greiði kr. 0.01 fyrir hverja brúttósmálest, er þau koma til hafnar á gjaldtímabilinu, þó aldrei minna en kr. 3.00 í hvert skipti.

## VIII. KAFLI

## Um bryggjugjald.

146

30. okt.

## 17. gr.

1. Hvert skip, sem er mælt til lestatafs og legst við bryggju eða bólvirki, sem er eign hafnarinnar, eða við skip, sem liggja við áður nefnd mannvirki, skulu greiða bryggjugjald af nettósmálestátölu skipsins, talinn í heilum tölum en brotum skal sleppt.

Gjaldið greiðist fyrir hvern hálfan sólarhring eða minna og er 5 aurar af hverri smálest, þó aldrei minna en kr. 2.00 í hvert sinn. Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

2. Einstaklingar, er eiga bryggjur innan hafnarinnar, greiða ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum, eða öðrum fiskiskipum, er stunda veiðar frá Hrísey og leggja upp afla sinn á bryggjur þeirra. Öll önnur gjaldskyld skip skulu greiða í hafnar-sjóð  $\frac{1}{2}$  bryggjugjald, ef þau liggja við bryggjur, sem eru í einstaklingseign.
3. Heimilt er hreppsnefnd að leigja einstökum mönnum afnot af bryggjum hafnar-sjóðs til síldarsöltunar eða til uppskipunar og aðgerðar annars afla, gegn föstu leigugjaldi um ákveðinn tíma, þó eigi lengur en eina vertíð í hvert sinn. Aldrei mega þó slík afnot hefta eða tálma notkun bryggju eða mannvirkis í almennings þarfir.

## IX. KAFLI

## Um vörugjald.

## 18. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum (þar á meðal af lifandi dýrum), sem fluttar eru af eða á skipsfjöl í höfninni, með þeim undantekningum, er í næstu grein getur.

## 19. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru eftirtalðar vörur:

1. Nýr og saltaður óverkaður fiskur og óverkaðar fiskafurðir, sem lagðar eru á land úr fiskiskipum.
2. Vistir, vélaeldsneyti og aðrar vörur til notkunar um borð í skipum þeim og bátum, er þær eru fluttar í úr landi.
3. Póstur og farangur ferðamanna.
4. Vörur og tæki, er höfnin eða hreppurinn senda eða eru móttakendur að.

## 20. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli og þyngd með umbúðum. Hálf gjaldeining telst sem heil, en minna broti skal sleppt. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóra skylt að láta innheimtumanni hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá skipsins.

Sé engin farmskrá eða fylgibréf, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki innheimtumanni ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn við rannsókn, ella hafnarsjóður. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri vörutegund, sem hæst gjald skal greiða af. Minnsta vörugjald skal vera kr. 0.25.

Vörur skal flokka til vörugjalds, eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald greiðist, eins og þar segir. Ef vafi leikur á, í hverjum flokki telja skuli einhverja vöru, úrskurðar innheimtumaður, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

146

30. okt.

## 21. gr.

*a. Aðfluttar vörur.*

1. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg:  
Kol og salt.
2. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg:  
Olía og benzín.
3. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg:  
Sement og útlendur áburður.
4. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:  
Pakjárn, smíðajárn og steypujárn.
5. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:  
Kornvara, kaffi, sykur og fóðurmjöl.
6. flokkur. Gjald 6 aurar fyrir hvert teningsfet:  
Timbur.
7. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet:  
Allar aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
8. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg:  
Hörð fiskbein.
9. flokkur. Gjald 5 aurar fyrir hvert stykki:  
Tómar tunnur.
10. flokkur. Gjald 15 aurar fyrir hvert stykki:  
Tóm fót uppsett eða óuppsett.
11. flokkur. Gjald 70 aurar hver 100 kg:  
Allar aðrar vörur, sem vant er að greiða flutningsgjald af eftir þyngd, og ekki eru undanþegnar vörugjaldi.

*b. Útfluttar vörur.*

1. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hverja tunnu:  
Saltsild og matéssild.
2. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hverja tunnu:  
Krydduð og sérverkuð síld.
3. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg:  
Saltfiskur og verkaður fiskur.
4. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:  
Lýsi.
5. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hver 100 kg:  
Kjöt.
6. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hver 100 kg:  
Ull.
7. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hver 100 kg:  
Gærur.
8. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg:  
Fiskmjöl.
9. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg:  
Allar aðrar vörur.
10. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hvern grip:  
Stórgripir.
11. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hverja kind:  
Sauðfé.
12. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet:  
Allar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.

Fyrir vörur, sem samkv. farmskrá skips eru ætlaðar til umhleðslu til annarra hafna og lagðar eru á land í Hrísey, svo og vörur, sem fluttar eru á land til geymslu um stundarsakir, greiðist hálf gjald. 146 30. okt.

## X. KAFLI

### Gjald af afla.

#### 22. gr.

Af bátum, sem gerðir eru út frá Hrísey, greiðist gjald af afla þannig:

1. Af þorskveiðum greiðist 1% af brúttósöluverði afla, lifur meðtalin.
2. Af sildveiðum greiðist  $\frac{1}{3}$ % af brúttóverði afla.

#### 23. gr.

Útgerðarmaður bátsins ber ábyrgð á, að gjald þetta sé greitt hafnarsjóði. Gjaldið fellur í gjalddaga í lok hvernna vertíðar.

## XI. KAFLI

### Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

#### 24. gr.

Hafnarvörður innheimtir hafnargjöld samkv. reglugerð þessari, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

#### 25. gr.

Skipstjóri eða formaður skips eða fars ber ábyrgð á greiðslu lesta-, ljósa- og bryggjugjalds. Ef enginn skipstjóri eða farmaður er á fari, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Gjöldin skal, þegar öðruvísi er eigi ákveðið í reglugerð þessari, greiða, áður en skip eða far lætur úr höfn. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipi eða fari unz gjöldin eru greidd.

Gjalddagi á föstum árgjöldum er 1. okt. ár hvert.

#### 26. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi aðfluttrar vöru og sendandi útfluttrar vöru. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef farmur er ekki skráður, ber skipstjóri eða farmaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Séu vörur fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir. Vörugjald af aðfluttum vörum fellur í gjalddaga, er skip, er þær flytur, er komið í höfn. Vörugjald af útfluttum vörum fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í gjaldskyldum vörum, unz gjaldið er greitt.

#### 27. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

## XII. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

#### 28. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningar nást eigi um upphæð skaðabóta, er aðilum heimilt að láta ákveða þær með mati 3 óvilhallra dómkvaddra manna. Krefja má yfirmats áður en mánuður er liðinn frá lokum matsgerðar. Yfirmat skal

**146** framkvæmt af 5 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmat greiði sá, 30. okt. er krafðist þess, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem nemur 10% af því, sem undirmat ákvað. Nemi breyting meiru, greiði sá kostnað, er halla biður af niðurstöðu yfirmatsnefndar.

29. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er eigi útkjád, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

30. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Hríseyjarhrepps.

31. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu rekin sem almenn lögreglumál.

32. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 30. október 1948.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

**147**

1. nóv.

## AUGLÝSING

um breyting á kærufresti til ríkisskattanefndar.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 16 10. apríl 1946, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á yfirstandandi ári skuli kærufrestur til ríkisskattanefndar vera í Reykjavík til 15. þ. m., en á öðrum stöðum landsins til 30. þ. m.

*Fjármálaráðuneytið, 1. nóvember 1948.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*